



# Fréttatilkynning

04.ágúst 2010

## frá Landssambandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna

Annar hluti boðaðra verkfallsaðgerða Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, LSS, kemur til framkvæmda föstudaginn 06. ágúst.

### **Aðgerðirnar hefjast klukkan 08:00 og standa til klukkan 24:00 sama dag.**

Framkvæmd verkfallsins verður þannig:

1. Meðan á aðgerðum stendur mun sjúkraflutningum á lofti, láði og legi sem flokkast undir F4, svokallaðir millistofnanaf lutningar, ekki verða sinnt.
2. Þjónustu og starfsemi sem flokkast undir F3 hjá slökkviliðum, útköll önnur en neyðartilvik, s.s. útköll vegna leka o.þ.h., mun ekki verða sinnt.
3. Varðstöðu á Akureyrarflugvelli verður ekki sinnt frá kl. 08:00 til 24:00 föstudaginn 06. ágúst.
4. Þegar fyrsti hluti boðaðra aðgerða hófst, föstudaginn 23. júlí sl. skiluðu slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn inn boðtækjum sínum til slökkviliðsstjóra. Frá þeim tíma hafa starfsmenn á frivakt ekki borið boðtækin. Þetta fyrirkomulag gildir þar til deilan hefur verið leyst.

LSS undirstrikar að öllum neyðartilvikum verður að sjálfsögðu sinnt, þrátt fyrir boðaðar aðgerðir.

LSS harmar að enn þurfi að koma til aðgerða en telur ábyrgðina liggja hjá Launanefnd sveitarfélaganna, LN. Kjarasamningar LSS við LN hafa verið lausir frá 31. ágúst 2009 en á þeim tíma hefur LN ekki sýnt neinn vilja til sátta.

### **Sáttafundur boðaður á morgun**

Ríkissáttasemjari hefur boðað deilendur til fundar á klukkan 13:30 morgun, fimmtudaginn 05. ágúst. LSS telur að tími frá fyrstu verkfallsaðgerðum hafi verið mjög illa nýttur en síðasti fundur í kjaradeilu LSS og LN var haldinn miðvikudaginn 21. júlí sl.

LSS lýsir enn og aftur yfir fullum vilja til að setjast að samningaborði og leysa deiluna. LSS telur að það megi gera á tiltölulega skömmum tíma.

Af gefnu tilefni og vegna rangfærslna starfsmanns LN um tuga prósentu kröfur LSS skal áréttað að kröfur LSS hljóða upp á um eða innan við tug prósentu, 10%.

### **Yfirlýsing afhent fulltrúum sveitastjórna**

Til að vekja athygli á stöðunni í kjaradeilu LSS og LN ætla slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn að afhenda fulltrúum sveitarstjórna yfirlýsingu að morgni föstudags. Fulltrúum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, í Fjarðabyggð, á Akureyri og Suðurnesjum verður afhent slík yfirlýsing klukkan 10:00 á föstudagsmorgun.